

VEGGÖNG, STÆRSTU BRÝR OG FJALLVEGIR



Þessi opna sýnir yfirlit vegganga, fjallvega og stærstu brúa á þjóðvegum. Stærðir mannvirkjana eru sýndar með einföldum táknum sem eru í réttum hlutföllum innbyrðis.

Brýr eru taldar upp eftir lengd og flatarmáli akbrautar. Lengsta brú landsins, Skeiðarárbrú er að mestu leyti með einbreiðri akbraut og því telst Borgarfjarðarbrú stærst ef miðað er við flatarmál akbrautar.

Lengstu veggöngin eru göng undir Breiðadals- og Botnsheiði en þau eru þriggja arma. Veggöng undir

Hvalfjörð eru í eigu Spalar ehf. og rekin með veggjaldi. Á línuriti er sýnd hlutfallsleg hæð 20 fjallvega í metrum yfir sjávarmáli. Vegur yfir Reynisfjall við Vik í Mýrdal er ekki nema 119 m y.s. en er samt hæsti hluti vegarins á milli Hveragerðis og Hafnar í Hornafirði. Hæst er farið á þjóðvegi á landinu á Sprengisandsleið á Nýjabæjarafretti, 940 m y.s.

Veggöng

mælikvarði 1 : 100 000

1 Breiðadals- og Botnsheiði	9.120 m	
2 Hvalfjörður	5.770 m	
3 Ólafsfjarðarmúli	3.400 m	
4 Strákagöng	800 m	
5 Oddsskarð	640 m	
6 Arnardalshamar	30 m	


Lengstu brýr

mælikvarði 1 : 10 000

1 Skeiðará 1974	880 m	
2 Borgarfjörður 1979	520 m	
3 Súla 1973	420 m	
4 Ölfusárós 1988	360 m	
5 Gígjukvísl 1998	336 m	
6 Kúðafliót 1993	302 m	
7 Lagarfliót 1958	301 m	
8 Hornafjarðarfliót 1961	254 m	
9 Markarfliót 1991	250 m	
10 Jökulsá í Lóni 1952	247 m	

Mesta flatarmál akbrautar á brú

1 Borgarfjörður	4.659 m ²	
2 Skeiðará	3.870 m ²	
3 Gígjukvísl	2.352 m ²	
4 Ölfusárós	2.340 m ²	
5 Kúðafliót	2.114 m ²	
6 Lagarfliót	1.806 m ²	
7 Súla	1.805 m ²	
8 Markarfliót	1.750 m ²	
9 Héraðsvötn	1.504 m ²	
10 Eyjafjarðará	1.080 m ²	



Hæð nokkurra fjallvega